



Gjaldskrá fyrir flutning á raforku og kerfisþjónustu

Nr. ~~xx40~~

Gildir frá 1. janúar 2022

1. grein

Gjaldskrá þessi gildir fyrir flutning raforku um flutningskerfi Landsnets hf.
Gjaldskrá þessi gildir einnig fyrir virkjanir sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu.

2. grein

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við um og eru notaðar í gjaldskrá þessari:

Afhendingarspenna: Sú staðalspenna (málspenna) sem Landsnet afhendir rafmagn á.

Afhendingarstaður: Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.

Almanaksár: 1. janúar - 31. desember ár hvert.

Flutningskerfi: Raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna. Skil milli virkjunar og flutningsfyrirtækis eru við innkomandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtæki á því vélaspenni, eldingavara og tengingu við tengivirki. Með sama hætti eru skil milli flutningsfyrirtækis annars vegar og dreifiveitna/stórnotenda hins vegar við útgangandi rofareit í tengivirki flutningsfyrirtækisins.

Skerðanlegur flutningur: Á við raforkunotkun sem Landsneti er heimilt að láta skerða vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í gr. 5.1 í skilmálum um skerðanlegan flutning. Skömmun skv. 9. mgr. 9 gr. raforkulaga er hér undanþegin.

Innmötun: Rafmagn sem matað er inn á flutningskerfi eða dreifikerfi.

Stórnotandi: Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári.

Úttekt: Það rafmagn sem viðskiptavinir taka út af flutningskerfi Landsnets, ásamt því rafmagni sem framleitt er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu.

3. grein

Afhendingarstaðir og afhendingarspenna við innmötun og úttekt raforku eru sem hér segir:

Afhendingarstaðir innmötun

Afhendingarspenna

Blöndustöð	132 kV
Búðarhálsstöð	220 kV
Búrfellsstöð	220 kV og 66 kV
Fljótsdalsstöð	220 kV
Hellisheiðarvirkjun	220 kV
Hrauneyjafossstöð	220 kV
Írafossstöð	132 kV
Kröflustöð	132 kV
Lagarfossvirkjun	66 kV
Laxárstöð	66 kV
Ljósafossstöð	66 kV
Mjólkárvirkjun	66 kV
Nesjavellir	132 kV
Reykjanesvirkjun	132 kV
Sigöldustöð	220 kV
Steingrímsstöð	66 kV
Sultartangastöð	220 kV
Svartsengi	132 kV
Vatnsfellsstöð	220 kV
Þeistareykir	220 kV

Afhendingarstaðir úttektar

Afhendingarspenna

Til stórnotenda:

Aðveitustöð ALCAN	220 kV
Aðveitustöð Elkem	220 kV
Aðveitustöð Fjarðaráls	220 kV
Aðveitustöð Norðuráls	220 kV
Aðveitustöð TDK Foil Iceland	220 kV
Ásbrú	220 kV
Bakki	33 kV
Fitjar	132 kV
Hnjúkar	132 kV
Korpa	132 kV

Til dreifiveitna:

Akranes	66 kV
Bakki	11 kV og 33 kV
Blanda	11 kV
Bolungarvík	66 kV

Breiðadalur	66 kV
Brennimelur	66 kV og 132 kV
Búrfell	11 kV
Dalvík	66 kV
Eskifjörður.....	66 kV
Eyvindará.....	66 kV
Fáskrúðsfjörður.....	66 kV
Fitjar	132 kV
Flúðir	66 kV
Geiradalur	132 kV
Glerárskógar	132 kV
Grundarfjörður	66 kV
Hamranes.....	132 kV
Hella	66 kV
Hnoðraholt	132 kV
Hólar	132 kV
Hrauneyjarfossstöð	11 kV
Hrútatunga	132 kV
Húsavík	33 kV
Hveragerði.....	66 kV
Hvolsvöllur	66 kV
Höfn	132 kV
Ísafjörður	66 kV
Kópasker	66 kV
Korpa.....	132 kV
Krafla.....	11 kV
Lagarfoss.....	66 kV
Laugará.....	11 kV
Laxá	11 kV
Laxárvatn	132 kV
Lindarbrekka.....	66 kV
Ljósafoss	11 kV
Mjólká.....	33 kV
Neskaupsstaður.....	66 kV
Ólafsvík.....	66 kV
Prestbakki	132 kV
Rangárvellir	66 kV
Rauðavatn	132 kV
Rimakot	66 kV
Sauðárkrókur.....	66 kV
Selfoss	66 kV
Seyðisfjörður	66 kV
Sigalda.....	11 kV
Silfurstjarna.....	66 kV
Stakkur	132 kV
Stuðlar	66 kV

Svartsengi	33 kV
Tálknafjörður	66 kV
Teigarhorn	132 kV
Varmahlíð	11 kV
Vatnsfell	11 kV
Vatnshamrar	66 kV
Vegamót	66 kV
Vestmannaeyjar	33 kv og 66 kv
Vogaskeið	66 kV
Vopnafjörður	66 kV
Þorlákshöfn	66 kV
Öldugata í Hafnarfirði	132 kV

4. grein

4.1 Flutningsgjöld¹

Innmötun:

Aflgjald ~~vegna~~ ~~raforkusölu~~ ~~til~~ ~~dreifiveitna~~
..... ~~736.567~~11.672 kr. á ársMW.

Aflgjald ~~vegna~~ ~~raforkusölu~~ ~~til~~ ~~stórnotenda~~
..... ~~5.772~~5.611 USD á ársMW.

Úttekt:

Dreifiveitur

Afhendingargjald ~~6.792.169~~6.584.829 kr. á ári

Aflgjald ~~6.973.712~~6.760.830 kr. á ársMW.

Orkugjald..... ~~504,974~~489,56 kr. á MWst.

Stórnotendur

Afhendingargjald..... ~~49.458~~45.948 USD á ári

Aflgjald..... ~~28.810~~26.766 USD á ársMW.

Orkugjald..... ~~1,461,354~~ USD á MWst.

Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp er ekki innifalið í flutningsgjaldi hér að ofan og er innheimt sérstaklega skv. grein 4.2.

¹ Íslenskar reglur eru notaðar í framsetningu talna í gjaldskrá.

4.2. Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp²

Kerfisþjónusta.....	67,56	kr. á MWst
Flutningstöp.....	84,96	kr. á MWst.

4.3 Veittur er 5% afsláttur af afl- og orkugjaldi samkvæmt grein 4.1. þar sem rafmagn er afhent til dreifiveitna á hærri málspennu en 66 kV.

4.4 Ekki er innheimt afgjald vegna skerðanlegs flutnings enda séu skilmálar B5 um skerðanlegan flutning uppfylltir.

Hafi viðskiptavinur dreifiveitu nýtingartíma umfram 4500 klst á ári í að lágmarki heilt almanaksár, greiðast eftirleiðis 577548531,00 kr á MWst. Hafi nýtingartími verið undir 4500 klst á ári tvö síðastliðin ár greiðast eftirleiðis 1.44400520,00 kr. á MWst. Nýtingartími nýrra viðskiptavina dreifiveitna skal metinn að loknu fyrsta almanaksári viðskipta og skal hann fram að þeim tíma fara í hærri gjaldflokkinn.

Afsláttur skv. gr. 4.3. gildir einnig um orku til skerðanlegra viðskiptavina dreifiveitna. Nýtingartími miðast við fjóra hæstu 60 mínútna mánaðarafli toppa ársins og orkumagn ársins, að teknu tilliti til þess tíma sem skerðingar Landsnets stóðu yfir.

Veittur er 17,0% afsláttur af gjaldi fyrir kerfisþjónustu vegna skerðanlegs flutnings. Afsláttur þessi nemur kostnaði Landsnets vegna varaafis.

4.5 Afgjald vegna úttektar er reiknað út frá meðaltali fjögurra hæstu 60 mínútna mánaðarafli toppa ársins fyrir sérhvern afhendingarstað.

4.6 Stórnotandi getur óskað eftir að fá afhenta raforku á lægri spennu en 132 kV. Um gjaldtöku fyrir slíka afhendingu gilda B9 skilmálar Landsnets.

4.7 Gjald fyrir umsjón með jöfnunarorkumarkaði er 2,0% af jöfnunarorkugjaldi á hverjum tíma og innheimtist það af jöfnunarábyrgðaraðila.

4.8 Sé orka afhent beint til stórnotenda, frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans skal greiðsla úttektargjalds til flutningskerfis nema 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Heimilt er að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt stórnotandans er alfarið háð því að orkan komi frá virkjuninni.

4.9 Skilmálar netmála D3 gilda um kerfisframlag vegna nýrra viðskiptavina, þ.e. hlutdeild viðskiptavinar í fjárfestingu vegna nýrrar tengingar eða styrkingar á flutningskerfinu.

4.10 Afgjald vegna innmötunar er reiknað samkvæmt aflmörkum í tengisamningi milli framleiðanda og Landsnets fyrir hverja virkjun, enda endurspeglar það fjárfestingu í flutningskerfinu vegna virkjunarinnar. er reiknað út frá samanlögðu ástimpluðu afli véla í hverri virkjun.

4.11 Hlutfall innmötunargjalds hvers framleiðanda fer 75% í bandaríkjadöllum (-USD) og 25% í íslenskum krónum (ISK) er byggt á hlutfalli raforkuflutnings til stórnotenda frá fyrra ári, sem verður birt á heimasíðu Landsnets. Hlutfallið er uppfært við setningu tekjumarka sem er gert á fimm ára fresti. Eingöngu er innheimt innmötunargjald í íslenskum krónum ef sýnt er fram á með sannanlegum hætti og samþykki Landsnets, fyrir hvert almanaksár, að engin raforkuviðskipti eiga sér stað við stórnotendur í bandaríkjadöllum. -Gjaldeyrisskipting nýrra virkjana er metin að

² Gjöld vegna tapa og kerfisþjónustu taka breytingum til samræmis við innkaup Landsnets á flutningstöpum og kerfisþjónustu.

loknu fyrsta almanaksári, fram að því er skiptingin 75% í bandaríkjadollar og 25% í íslenskum krónum.

5. grein

Gjöld vegna kerfisþjónustu og tapa greiðast af allri úttekt með þeirri undantekningu sem kemur fram í gr. 8.3.

6. grein

Afhendingarstaðir skulu að öllu jöfnu vera sérmældir. Þó skulu afhendingarstaðir sammældir inn á dreifiveitusvæði sem rekið er samtengt, enda geti hver afhendingarstaður annað a.m.k. $1/(n-1) \cdot 100\%$ af heildarþörf svæðisins, þar sem n er fjöldi afhendingarstaða.

7. grein

7.1 Hver viðskiptavinur greiðir afhendingargjald fyrir sérhvern afhendingarstað þó hann tengist flutningskerfinu á fleiri en einu úttaki innan hans og mismunandi afhendingarspennu, sbr. gr. 3.

7.2 Afsláttur af afhendingargjaldi á úttekt dreifiveitna er veittur ef hámarksaflúttekt er eftirfarandi:

Á bilinu 3,0 – 6,0 MW er veittur 40 % afsláttur.

Á bilinu 1,0 – 3,0 MW er veittur 70% afsláttur.

Ef úttekt er undir 1,0 MW er heimilt að fella afhendingargjald niður, enda verði beinn fastur kostnaður Landsnets við úttakið innheimtur í stað afhendingargjalds. Þessi kostnaður er mismunandi milli afhendingarstaða og er reiknaður sérstaklega fyrir hvert úttak undir 1,0 MW.

Hámarksaflúttekt er hæsti 60 mínútna afltoppur ársins fyrir sérhvern afhendingarstað.

7.3 Í sérhverjum afhendingarstað sem talinn er upp í 3 gr. leggur Landsnet kaupanda til eitt úttak vegna úttektar á afhendingarspennu, sem tilgreind er í grein 3. Kaupandi skal greiða allan kostnað vegna viðbótarúttaks sem hann óskar eftir, svo og vegna annarrar afhendingarspennu en tilgreind er í gr. 3 og hann kann að óska eftir.

7.4 Kaupandi skerðanlegs flutnings skal greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks.

8. grein

8.1 Dreifiveitur skulu greiða úttektargjald sbr. 4. gr. af orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu skv. eftirfarandi:

1 vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1,42 MW skal ekki greiða úttektargjald.

2. vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1,42–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 60% fulls úttektargjalds við efri mörkin.

3. vegna orku frá virkjun sem er 3,1–10 MW skal greiða 60% fulls úttektargjalds.

8.2 Dreifiveitur skulu greiða gjald fyrir kerfisþjónustu sbr. gr. 4.2 af þeirri orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu, og fer ekki inn á flutningskerfi Landsnets.

8.3 Gjöld skv. gr. 8 eru gerð upp sérstaklega.

9. grein

9.1 Gjaldskráin miðast við að meðal fasviksstuðull við úttekt hjá viðskiptavini í sérhverjum afhendingarstað sé ekki lægri en $\cos\phi$ 0,9, nema annað sé tiltekið í netmála eða samningum Landsnets og viðskiptavinar.

9.2 Falli meðal fasviksstuðull eins mánaðar niður fyrir þessi gildi hækkar orku- og aflgjald samkvæmt 4. grein um 2 % fyrir hvert 1% sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

10. grein

Verð á jöfnunarorku er breytilegt og ræðst af verði á markaði hverju sinni og verður birt á heimasíðu Landsnets hf.

11. grein

Gjaldskrá þessi er sett af Landsneti hf. í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun hefur sett Landsneti hf. og gildir frá og með 1. janúar 2022.

Um viðurlög við vanefndum, greiðsluskilmála, gjalddaga og eindaga reikninga gilda A1 skilmálar Landsnets.

12. grein

Orkustofnun hefur eftirlit með að Landsnet hf. starfi samkvæmt lögum nr. 65/2003, með síðari breytingum og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum og reglugerðum.